



Hafnarfjarðarbær
Rannveig Einarsdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165
postur@vel.is velferdarraduneyti.is

Reykjavík 24. október 2017
Tilv.: VEL17070105/04.03.01

Efni: Úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra árið 2017

Velferðarráðuneytið vísar til umsóknar Hafnarfjarðarkaupstaðar, Strandgötu 6 um framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra á árinu 2017. Sótt var um framlag til endurbóta á aðgengi og aðstöðu fyrir dagdvöl og þjónustumiðstöð.

Að fenginni tillögu stjórnar Framkvæmdasjóðs aldraðra hefur heilbrigðisráðherra ákveðið að veita framlag til framkvæmdarinnar allt að 22.127.969 kr. úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Framlagið er allt að 20% af áætluðum kostnaði samanber umsókn.

Með bréfi þessu fylgir samkomulag vegna framlagsins í tvíriti. Óskað er eftir því að viðtakandi framlags setji inn viðeigandi upplýsingar í óútfyllta reiti s.s. upplýsingar um þann reikning sem leggja á framlagið inn á. Ef aðrar upplýsingar í samkomulaginu eru ekki réttar þá er bent á að senda athugasemdir á netfang velferðarráðuneytisins á postur@vel.is.

Framlagið verður greitt út í þrennu lagi lagi. Fyrsti hluti þegar viðtakandi hefur fyllt út og staðfest meðfylgjandi samkomulag með undirritun sinni og sent annað eintak samningsins til ráðuneytisins. Annar hluti þegar fullnaðarhönnun lýkur og öll gögn, teikningar og lýsingar hafa fengið samþykki hjá til þess bærum yfirvöldum. Lokagreiðsla verður greidd þegar staðfesting liggur fyrir um að framkvæmdin hafi verið í samræmi við umsókn og undirrituð staðfesting endurskoðanda á kostnaði við framkvæmdina liggi fyrir.


Óttarr Proppé
heilbrigðisráðherra


Vilborg Ingólfssdóttir
skrifstofustjóri

Fylgiskj.: Samkomulag um framlag í tvíriti



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Samkomulag vegna framlags úr Framkvæmdasjóði aldraðra 2017

1. Framkvæmdasjóður aldraðra

Heimilisfang: Velferðarráðuneytið, Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík.

Tengiliður veitanda framlags: Sveinn Bragason, sérfræðingur skrifstofu heilbrigðisþjónustu	Málsnúmer veitanda framlags: VEL17070105
--	---

2. Viðtakandi/ móttakandi framlags

Sveitarfélag/ stofnun/ heimilisfang Hafnarfjarðarbær Strandgötu 6 220 Hafnarfjörður	Kennitala: 590169-7579
Ábyrgðarmaður verkefnis: Rannveig Einarsdóttir	Tölvupóstfang ábyrgðarmanns: rannveig@hafnarfjordur.is

3. Framlag/ verkefni

Ákvörðun um framlag: Heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að veita Hafnarfjarðarbæ framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra, sbr. meðfl. bréf dags. 24.10.2017 sem er hluti ákvörðunar ráðherra og þessa samkomulags.	
Heildarfjárhæð framlags: 22.127.969.-kr.	Reikningur sem lagt er inn á:
Vitjun framlags Sé framlags ekki vitjað innan tveggja ára frá dagsetningu tilkynningar um framlag fellur það niður í samræmi við 7. gr. reglugerðar um Framkvæmdasjóð aldraðra nr. 468/2014	


4. Skuldbinding móttakanda framlags

Með undirritun samkomulagsins og móttöku framlagsins lýsir móttakandi því yfir að hann ábyrgist að framlaginu verði varið til verkefnisins sem lýst er í umsókn og í samræmi við ákvörðun og skilyrði ráðherra. Jafnframt skuldbindur hann sig til að skila stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra lokaskýrslu sbr. 10 gr. reglugerðar um Framkvæmdasjóð aldraðra nr. 468/2014 og hlýta öðrum þeim skuldbindingum sem í reglugerðinni koma fram. Lokagreiðsla framlags verður innt af hendi þegar endanlegt fjárhagsuppgjör liggur fyrir.

5. Endurkröfuréttur ráðherra/stjórnar Framkvæmdasjóðs aldraðra

Ráðherra getur ákveðið, að höfðu samráði við stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra, að krefja þann sem framlag hefur fengið úr Framkvæmdasjóði aldraðra um endurgreiðslu framlagsins ef viðkomandi skilar ekki fullnægjandi skýrslu og uppgjöri, sbr. 10. gr. reglugerðar um Framkvæmdasjóð aldraðra nr. 468/2014.

Reykjavík, 24. október 2017


F.h. velferðarráðuneytisins.

F.h. viðtakanda